

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1135/2009 um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á tilteknum vörum, sem eru upprunnar í Kína eða sendar þaðan, og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/798/EB.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. og II. kafla, I. viðauka og XII. kafla, II. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. og II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 134/2007, frá 1. maí 2010, öðlast eftirfarandi EB-gerð gildi hér á landi:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1135/2009 um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á tilteknum vörum, sem eru upprunnar í Kína eða sendar þaðan, og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/798/EB.

2. gr.

Ofangreind reglugerð framkvæmdastjórnarinnar er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

3. gr.

Allur kostnaður við opinbert eftirlit, þ.m.t. sýnatöku, greiningu sýna, geymslu, förgun og allar aðrar ráðstafanir sem gripið er til skal greiddur af innflutnings- og dreifingaraðilum eftir því sem við á.

4. gr.

Innflutnings- eða dreifingaraðilar sem flytja inn eða dreifa vörum sem reglugerð þessi tekur til, skulu senda Matvælastofnun tilkynningu og gögn um fyrirhugaðan innflutning ásamt upplýsingum um áætlaðan komutíma.

5. gr.

Matvælastofnun hefur eftirlit samkvæmt 6. gr. laga nr. 93/1995 með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt.

6. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 30. gr., 30. gr. a – 30. gr. e og 31. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 27. gr. b og 31. gr. a laga nr. 93/1995, um matvæli.

Reglugerðin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 23/2009 um bann eða takmörkun á innflutningi og varúðarráðstafanir vegna matvæla og fódurs sem innihalda mjólk, mjólkurafurðir, soja eða sojaafurðir eða hjartarsalt, og eru upprunnar í Kína eða eru fluttar frá Kína.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 24. mars 2011.

F. h. r.

Sigurgeir Þorgeirsson.

Baldur P. Erlingsson.

Fylgiskjal.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1135/2009 frá 25. nóvember 2009**

um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á tilteknum vörum, sem eru upprunnar í Kína eða sendar þaðan, og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/798/EB

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla ⁽¹⁾, einkum b-lið 1. mgr. 53. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 53. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 er kveðið á um möguleika á að samþykkja viðeigandi neyðarráðstafanir Bandalagsins vegna matvæla og föðurs, sem flutt eru inn frá þriðja landi, til að vernda heilbrigði manna, heilbrigði dýra eða umhverfið ef ekki er hægt að hafa fullnægjandi stjórn á þessari áhættu með þeim ráðstöfunum sem aðildarríkin hafa gripið til hvert fyrir sig.
- 2) Í september 2008 var framkvæmdastjórninni tilkynnt um að mikið af melamíni hefði fundist í mjólk fyrir ungbörn og öðrum mjólkurvörum frá Kína. Til að sporna við heilbrigðisáhættu, sem getur stafað af váhrifum af völdum mikils melamíns í föðri og matvælum, er í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/798/EB frá 14. október 2008 um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á vörum, sem innihalda mjólk eða mjólkurvörur og eru upprunnar í Kína eða sendar þaðan, og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/757/EB ⁽²⁾ kveðið á um bann við innflutningi inn í Bandalagið á vörum sem innihalda mjólk eða mjólkurvörur, soja eða sojavörur sem eru einkum ætlaðar til næringarlegra nota fyrir ungbörn og smábörn og gerð sú krafa að aðildarríki annist kerfisbundið eftirlit með öllum vörusendingum, sem eru upprunnar í Kína eða sendar þaðan, af föðri og matvælum sem innihalda mjólk, mjólkurvörur, soja eða sojavörur og af ammóníumbíkarbónati sem ætlað er í matvæli og föður. Í þeirri ákvörðun var styrkur upp á 2,5 mg/kg talinn vera viðeigandi gildi til að greina á milli óhjákvæmilegs bakgrunnsstyrks melamíns og óviðunandi svika.
- 3) Tilkynningum frá hraðviðvörðunarkerfi fyrir matvæli og föður, sem kveðið er á um í 4. mgr. 2. gr. ákvörðunar 2008/798/EB, að því er varðar óásætlanlegan styrk

melamíns í þessum matvælum og föðri frá Kína hefur fækkað umtalsvert síðan í janúar 2009 og kínversk yfirvöld hafa lagt fram ábyrgðir að því er varðar eftirlit með melamíni í slíkum vörum sem eru fluttar út til Bandalagsins. Því er rétt að endurskoða ráðstafanirnar sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2008/798/EB.

- 4) Að teknu tilliti til þess að vörur sem innihalda mjólk eða mjólkurvörur, soja eða sojavörur, sem eru einkum ætlaðar til næringarlegra nota fyrir ungbörn og smábörn, eru helsti og í sumum tilvikum eini fæðugjafi ungbarna og smábarna er rétt að viðhalda banni við innflutningi allra slíkra vara, sem eru upprunnar í Kína, inn í Bandalagið. Aðildarríki skulu tryggja að öllum slíkum vörum sem finnast á markaði sé tafarlaust eytt.
- 5) Jafnframt er kerfisbundið eftirlit með öllum vörusendingum, sem eru upprunnar í Kína eða sendar þaðan, af föðri og matvælum sem innihalda mjólk, mjólkurvörur, soja eða sojavörur og af ammóníumbíkarbónati, sem ætlað er í matvæli og föður, ekki lengur nauðsynlegt með tilliti til þess að tilkynningum frá hraðviðvörðunarkerfi fyrir matvæli og föður hefur fækkað umtalsvert þannig að einnig skal draga úr umfangi eftirlits með ástandi. Þar eð talið er að styrkur upp á 2,5 mg/kg eigi enn við til að greina á milli óhjákvæmilegs bakgrunnsstyrks melamíns og óviðunandi svika skal vörum sem innihalda meiri styrk melamíns ekki sleppt út í föður- og matvælaferlið og skal þeim fargað á öruggan hátt.
- 6) Því ber að breyta ákvörðun 2008/798/EB til samræmis við það. Hins vegar er rétt, að teknu tilliti til eðlis breytingaákvæðanna, að í stað þeirrar ákvörðunar komi reglugerð sem unnt er að endurskoða síðar á grundvelli niðurstaðna úr eftirliti sem aðildarríkin standa fyrir.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Að því er varðar þessa reglugerð ber að skilja vísanir til Kína sem vísanir til Alþýðulýðveldisins Kína.

⁽¹⁾ Stjóð. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1.

⁽²⁾ Stjóð. ESB L 273, 15.10.2008, bls. 18.

2. gr.

Innflutningsbann

1. Innflutningur inn í Bandalagið á vörum sem innihalda mjólk, mjólkurvörur, soja eða sojavörur, sem eru einkum ætlaðar til næringarlegra nota fyrir ungbörn og smábörn í skilningi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/39/EB frá 6. maí 2009 um matvæli sem eru ætluð til sérstakra næringarlegra nota ⁽¹⁾, sem eru upprunnar í Alpýðulýðveldinu Kína eða sendar þaðan, er bannaður.

2. Aðildarríki skulu tryggja að allar slíkar vörur sem finnast á markaði séu afturkallaðar tafarlaust og þeim eytt.

3. gr.

Fyrirframtilkynning

Stjórnendur fóður- og matvælafyrirtækja eða fulltrúar þeirra skulu senda fyrirframtilkynningu til eftirlitsstaðarins, sem um getur í 3. mgr. 4. gr., um áætlaðan komudag og komutíma allra vörusendinga, sem eru upprunnar í Kína eða sendar þaðan, af ammóníumbíkarbónati sem ætlað er í matvæli og fóður og af fódri og matvælum sem innihalda mjólk, mjólkurvörur, soja eða sojavörur.

4. gr.

Eftirlitsráðstafanir

1. Lögþær yfirvöld aðildarríkjanna skulu annast eftirlit, þ.m.t. greiningar á rannsóknarstofu, með skjöllum, auðkennum og ástandi vörusendinga, sem eru upprunnar í Kína eða sendar þaðan, af ammóníumbíkarbónati sem ætlað er í matvæli og fóður og á fódri og matvælum, öðrum en þeim sem um getur í 1. mgr. 2. gr., sem innihalda mjólk, mjólkurvörur, soja eða sojavörur, sem á að flytja inn í Bandalagið.

Eftirlit með auðkennum og ástandi, þ.m.t. sýnataka og greining til að hafa eftirlit með því hvort melamín er fyrir hendi, skulu gerðar á u.þ.b. 20% slíkra vörusendinga.

Aðildarríki geta framkvæmt eftirlit af handahófi með ástandi annars fóðurs og matvæla, sem innihalda mikið prótín, eru upprunnin í Kína og á að flytja inn í Bandalagið.

Eftirlit með ástandi, sem um getur í þessari málsgrein, skal einkum miða að því að ákvarða styrk melamíns í vörunni, ef

um slíkt er að ræða. Vörusendingar skulu vera undir opinberu eftirliti þar til niðurstaða fæst úr greiningu á rannsóknarstofu.

2. Ekki skal sleppa vörum út í fóður- og matvælaferlið sem reynast, í kjölfar eftirlits sem framkvæmt er í samræmi við 1. mgr., innihalda meira en 2,5 mg/kg af melamíni og þeim skal fargað á öruggan hátt.

3. Eftirlitið, sem um getur í 1. mgr., skal framkvæmt á eftirlitsstöðum sem aðildarríkin tilnefna sérstaklega í þeim tilgangi.

Aðildarríkin skulu gera skrána yfir eftirlitsstaði aðgengilega almenningi og senda hana til framkvæmdastjórnarinnar.

4. Vörusendingin skal sett í frjálsa dreifingu með fyrirvara um að stjórnandi fóður- og matvælafyrirtækisins eða fulltrúi hans afhendi töllyfirvöldum sannanir fyrir því að opinberu eftirliti, sem um getur í 1. mgr., sé lokið og að hagstæðar niðurstöður liggi fyrir vegna eftirlits með ástandi, hafi slíks eftirlits verið krafist.

5. gr.

Skýrslur

Aðildarríkin skulu leggja fyrir framkvæmdastjórnina skýrslu á þriggja mánaða fresti með öllum greiningarniðurstöðum úr eftirlitinu sem um getur í 1. mgr. 4. gr. Þær skýrslur skal senda í fyrsta mánuði eftir lok hvers árstjórnungs.

6. gr.

Kostnaður

Stjórnandi fóður- og matvælafyrirtækisins skal bera allan kostnað, sem um getur í 1. mgr. 4. gr., sem fellur til vegna opinbers eftirlits, þ.m.t. sýnataka, greining, geymsla og allar ráðstafanir sem gripið er til ef ákvæðum er ekki fylgt.

7. gr.

Niðurfelling

Ákvörðun 2008/798/EB er felld úr gildi.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu ákvörðunina sem tilvísanir í þessa reglugerð.

⁽¹⁾ Stjótið. ESB L 124, 20.5.2009, bls. 21.

8. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda á gildistökuþingi.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. nóvember 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Androulla Vassilou

framkvæmdastjóri.